



Héraðsnefnd Pingeyinga bs.
Kjarna
650 Laugum

Katrín Sigurjónsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar

2. júlí 2025

Efni: Endurskoðunarbréf vegna ársreiknings 2024

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Héraðsnefndar Pingeyinga bs. fyrir árið 2024. Endurskoðun okkar lauk með áritun á ársreikning byggðasamlagsins í dag þann 2. júlí 2025. Endurskoðunin gaf ekki tilefni til athugasemda af okkar hálfu sem gera þarf grein fyrir í áritun okkar á ársreikninginn. Í bréfi þessu fjöllum við almennt um störf okkar við endurskoðun ársreikningsins og niðurstöður hennar. Umfjöllun okkar er undir eftirfarandi fyrisögnum:

- Endurskoðun
- Sérstök umfjöllunarefni
- Niðurstöður

Endurskoðun

Almennt um endurskoðunina.

Ársreikningurinn er lagður fram af framkvæmdastjórn byggðasamlagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðun ársreikningsins var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og lög um ársreikninga eins og fram kemur í ráðningarbréfi okkar dagsettu 14. október 2024. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáiast um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í reikningsskilunum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð reikningsskilanna og mat á framsetningu þeirra í heild.

Lykiláhættuþættir við endurskoðunina

Við endurskoðunina höfum við beint athygli okkar sérstaklega að þeim þáttum sem við teljum lykiláhættuþætti í uppgjöri byggðasamlagsins. Við endurskoðun 2024 höfum við sérstaklega horft á innra eftirlit, skráningu tekna og gjalda í bókhaldi byggðasamlagsins, breyting á lífeyrisskuldbindingu og einnig matsbreyting á efnislegum eignum.

Mikilvægismörk

Mikilvægismörk sem skilgreind hafa verið vegna endurskoðunarinnar eru þau viðmiðunarmörk sem horft er til við skilgreiningu á verulegum frávikum. Við skilgreiningu mikilvægismarkanna höfum við horft til þátta sem að okkar mati eru veigamiklir í reikningsskilum byggðasamlagsins og jafnframt til þess að fjárhæð mikilvægismarkna sé ekki hærri en svo að skekkja innan þeirra marka myndi hafa áhrif á ákvarðanir upplýsts lesanda á grundvelli reikningsskilanna.

Mikilvægismörk við endurskoðunina voru reiknuð með tilliti til hlutfalls eigna byggðasamlagsins. Þannig reiknuð mikilvægismörk nema um 1.206.755 krónur.

Leiðréttur og óleiðréttur mismunur

Mismunir sem komu upp í endurskoðunina og voru ekki bókaðir fóru ekki út fyrir mikilvægismörk okkar sem voru skilgreind 1.206.755 krónur.

Að endurskoðun byggðasamlagsins komu eftirtaldir starfsmenn PwC:

- Rúnar Bjarnason, löggiltur endurskoðandi
- Sigurður Ingvi Rögnvaldsson, löggiltur endurskoðandi
- Berglind Ósk Kristjánsdóttir, aðstoðarmaður
- Helena Cronstedt, aðstoðarmaður

Ársreikningur

Ársreikningur er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Við gerð ársreikningsins er í meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og undanfarin ár.

Rekstrarahalli byggðasamlagsins á árinu nam 13,3 millj.kr. samanborið við 2,2 millj.kr. rekstrarhalla á árinu 2023. Heildareignir byggðasamlagsins námu 40,2 millj.kr. í árslok 2024 og þar af veltuffjármunir 16,9 millj.kr. Heildarskuldir námu 16,5 millj.kr. í árslok 2024 og þar af skammtímaskuldir 0 þús.kr.

Sérstök umfjöllunarefni

Aðgreining starfa

Aðgreining starfa hjá byggðasamlaginu er mikilvægur þáttur þegar kemur að virku innra eftirliti. Í því felst meðal annars að tryggt sé að nægur aðskilnaður sé á milli þeirra sem starfa við eignaumsýslu, í bókhaldi og þeirra sem sjá um beina meðhöndlun fjármuna svo sem greiðslur út af bankareikningi. Fyrirkomulag aðgreiningar starfa hjá byggðasamlaginu er með þeim hætti að bókhaldi stofnunarinnar er að öllu leyti útvistað, sem tryggir óháða yfirferð bókhaldsgagna og takmarkar misferlisáhættu þegar kemur að meðhöndlun fjármuna.

Eignarhlutur í Þingey og tilheyrandi hlunnindaréttindi

Við endurskoðun varanlegra rekstrarfjármuna kom fram misræmi í skráðum eignarhlut í jörðinni Þingey ásamt tilheyrandi lax- og silungsveiðihlunnindum.

Samkvæmt Fasteignaskrá Íslands sem Þjóðskrá Íslands annast er skráður eignarhlutur Héraðsnefndarinnar 100% en samkvæmt reikningsskilum byggðasamlagsins er eignarhluturinn skráður 75%.

Eignarhluturinn í jörðinni og lax- og silungsveiðiréttindum eins og hann birtist í ársreikningi og reikningsskilum byggðasamlagsins er í samræmi við fyrirliggjandi gjafaafsal frá Landbúnaðarráðuneytinu sem dagsett er þann 15. júní 1962. Samkvæmt upplýsingum kunnugra er jörðin Einarssaðir meðeigandi með 25% eignarhlut og ætti skráning hjá Fasteignaskrá Íslands að leiðrétast í samræmi við það.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding Héraðsnefndarinnar er reiknuð af tryggingarstærðfræðingi samhliða lífeyrisskuldbindingu samstæðu Norðurþings, vegna fyrrum sjóðsfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar en sjóðurinn rann inn í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga í samræmi við staðfestingu Fjármála- og efnahagsráðuneytis þann 13. ágúst 2013.

Lífeyrisskuldbinding byggðasamlagsins nemur 16,5 millj.kr. í árslok 2024, skv. staðfestri tryggingarfræðilegri úttekt og hækkar um 12,9 millj.kr. frá fyrra ári.

Staðfestingar framkvæmdastjórnar

Í yfirlýsingu til okkar frá framkvæmdastjórn byggðasamlagsins um fjárhagsstöðuna, er staðfest að allar eignir, skuldir, ábyrgðir, kvaðir og skuldbindingar sem Héraðsnefnd Þingeyinga bs. hefur tekist á hendur í árslok 2024 og hefur einhverja fjárhagsþýðingu fyrir byggðasamlagið, komi fram í ársreikningi byggðasamlagsins.



Niðurstöður

Í þessari umfjöllun höfum við rætt einstaka liði ársreikningsins sem við töldum ástæðu til að vekja athygli á eða skýra nánar. Auk þess höfum við fjallað um ýmis atriði sem lúta að endurskoðun okkar.

Í áritun okkar á ársreikning byggðasamlagsins, sem dagsett er 2. júlí 2025, við lok endurskoðunarinnar, kemur fram það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla framkvæmdastjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Virðingarfyllt,

PricewaterhouseCoopers ehf.

Rúnar Bjarnason
löggiltur endurskoðandi

löggiltur endurskoðandi
Rúnar Bjarnason